

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 10 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn mánudaginn 17. september 2018 kl. 15:30 á skrifstofu

Bonafide í Reykjavík

Mættir eru Grímur Gíslason (GG), Lúðvík Bergvinsson (LB), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG) og Dóra Björk Gunnarsdóttir (DBG).

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. Ráðning framkvæmdastjóra

Með hliðsjón af gögnum frá Capacent og því sem fram kom í ráðningarferlinu var það einróma niðurstaða stjórnar að ráða Guðbjart Ellert Jónsson í starf framkvæmdastjóra. Frekari umræður færðar í trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

2. Staðan á nýsmíði skipsins, afhendingu þess og viðræður við Vegagerðina

LB og GG upplýsa að vænta megi frekari seinkunnar á afhendingu skipsins. Rætt um að upplýsingar frá ýmsum aðilum um afhendingu skipsins hafi verið nokkuð misvísandi upp á síðkastið. Rætt um að hafa talsmann fyrir verkefnið til að koma í veg fyrir misvísandi upplýsingagjöf.

LB og GG gerðu grein fyrir fundi með Vegagerðinni um smíði, afhendingu og yfirtöku á rekstri skipsins.

3. Ráðning annarra starfsmanna en framkvæmdastjóra, vélstjóra og skipstjóra

GG upplýsir að upplýsingar um umsóknir um önnur störf hafi ekki borist frá Capacent sem sér um umsóknar- og ráðningarferli í stöðurnar.

4. Önnur mál

4.1 Bréf frá ferðamálasamtökum Vestmannaeyja

Bréf frá ferðamálasamtökum Vestmannaeyja, dags. 14. september sl. lagt fram til kynningar fyrir stjórn.

4.2 Bréf frá lögmanni

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

4.3 Siglingaáætlun

DBG og ABI gerðu gein fyrir svörum helstu notenda, fyrirtækja og ferðapjónustuaðila við drögum að siglingaáætlun skipsins en tvær tillögur voru sendar framangreindum aðilum. Siglingaáætlun rædd með tilliti til svara helstu notenda.

4.4 Veflausnir

Rætt um veflausnir fyrir Herjólf.

Að lokum voru lagðar fram fundargerðir funda nr. 7, 8 og 9, þær samþykktar og undirritaðar.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 16:30.

Fundargerð ritaði ABI.